AUÐUR GUÐJOHNSEN

SÖNGLÖG FYRIR BÖRN



AUÐUR

# TÓNLISTIN ER ÞÍN

SÖNGLÖG FYRIR BÖRN



AUÐUR

# TÓNLISTIN ER ÞÍN

AUÐUR GUÐJOHNSEN

Útgáfa þessarar söngbókar var styrkt af Nótnasjóði Stefs og Tónskáldasjóði RÚV og Stefs.

Auður Guðjohnsen
TÓNLISTIN ER ÞÍN - Sönglög fyrir börn
Lög og textar © Auður Guðjohnsen 2019
www.tonafondur.com

Hönnun kápu: Bergdís Sigurðardóttir
Teikningar: Auður Guðjohnsen
Prentun: Prentmet, Reykjavík.
Öll réttindi áskilin.

ISMN 979-0-805100-25-8



# EFNISYFIRLIT

AUÐUR

5. MORGUNBLÚS
6. KOMDU ÚT AÐ LEIKA
8. TIL MÖMMU
10. SOKKABLÚS
13. ÓÐUR API
14. TÓNLISTIN ER ÞÍN
16. VINUR
17. BULLSÖNGURINN
18. SAMVERA
21. ORRI ORMUR
22. DANS SAGNAMEISTARANS
24. BAÐFERÐ
26. SNJÓR
27. KVEÐJUSTUND
28. SÖNGTEXTAR
32. BOÐSKAPURINN

AUÐUR

# MORGUNBLÚS



**Hægur blús**

LAG OG TEXTI
**Auður Guðjohnsen**




AUÐUR

# KOMDU ÚT AÐ LEIKA*



LAG OG TEXTI
Auður Guðjohnsen

**Fjörugur vals ♩. = 72**




AUÐUR

*AÐALRÖDD ER FEITLETRUÐ OG MÁ SYNGJA EINA OG SÉR.


Dadd2 D G F♯ Em A7 D
skær hátt á himn - i hlær. Ljúf-ur er sum - ar - blær.
skær, já hátt á himn - i hlær, já ljúf - ur blær.
Yfirrödd
A_____ já því að sól - in
E Bsus4 B A B Eadd2 E A
Hæ, komdu' út að leik - a því að veðr - ið er gott. Sól - in svo
A_____ sól, sól-in svo
skær hátt_ á himn - i hlær, já, ljúf - ur sum - ar - blær!
Eadd2 A G♯ F♯m B7 E
skær hátt á himn - i hlær, ljúf-ur er sum - ar - blær!
skær, já, hátt á himn - i hlær, já, ljúf - ur blær!

# TIL MÖMMU*



**Blíðlega** ♩ = 60

LAG OG TEXTI
**Auður Guðjohnsen**




*AÐALRÖDD ER FEITLETRUÐ OG MÁ SYNGJA EINA OG SÉR.


E♭ D♭maj7/E♭ E♭ A♭ Fm7 Gsus4 G7 Cm C♭+
leng - i mun ég að því bú - a. Í blíð-u eð - a stríð - u,__ sam-a
leng - i mun ég að því bú - a. Í blíð-u eð - a stríð - u,__ sam-a
E♭/B♭ F7/A Fm 1. A♭m6 B♭7sus4 B♭7
hvað að hönd-um ber, þá ég veit að þú munt á-vallt að mér hlú -
hvað að hönd-um ber, þá ég veit að þú munt á-vallt að mér hlú -
E♭ Fm/E♭ Gm/E♭ Fm/E♭ 2. A♭6 Gsus4 G Cm Cm/B♭ F7/A
- a. Það hlú - a, í blíð-u eð-a stríð-u ég veit, já, ég
- a. Það hlú - a, í blíð-u eð-a stríð-u ég veit, já, ég
Fm A♭m6 B♭sus4 B♭7 E♭ Fm/E♭ Gm/E♭ Fm/E♭ E♭
veit að þú munt á-vallt að mér hlú - a.
veit að þú munt á-vallt að mér hlú - a.

# SOKKABLÚS



**Með hálfkæringi** ♫ = ♩ ♪ (3)

LAG OG TEXTI
**Auður Guðjohnsen**




AUÐUR


C7 G7 C7
dríf-a mig hátt-inn í! Það vant-ar sam-stæð-a sokk-a! Ég
dríf-a mig hátt-inn í! Sam-stæð-a sokk-a!
C7 F7
tóm-u tjóni' er í! Það vant-ar sam-stæð-a sokk-a! Ég
Tóm-u tjóni' er í! Sam-stæð-a sokk-a!
C7 G7 F7
tóm-u tjóni' er í! Í end-a-laus-u basl-i við að leita' í þess-u drasl-i og
Tóm-u tjóni' er í! Í end-a-laus-u basl-i við að leita' í þess-u drasl-i og
1. 2.
C7 G7 C7 C7 C7
skil ekk-i neitt í því! Tókst bar-a skil ekk-i neitt í því!
skil ekk-i neitt í því! bar-a skil ekk-i neitt í því!

Tillaga að undirleik (swing: two eighths = triplet quarter–eighth)




AUÐUR

# ÓÐUR API



LAG OG TEXTI
Auður Guðjohnsen

**Blús** ♫ = ♩♪ (3)




AUÐUR

Tillaga að undirleik ♫ = ♩♪ (3)




Á „klapp, smell og slá“ má gjarnan spila hljómana samtímis (þ.e. á hverju taktslagi)

*Með þessu lagi er gaman að búa til hreyfingar í samvinnu við börnin.*

# TÓNLISTIN ER ÞÍN*



LAG OG TEXTI
**Auður Guðjohnsen**

**Líflega ♩ = 100**




*AÐALRÖDD ER FEITLETRUÐ OG MÁ SYNGJA EINA OG SÉR.




*Með þessu lagi er gaman að búa til hreyfingar í samvinnu við börnin.*

# VINUR



**Hlýlega** ♩ = 80

LAG OG TEXTI
**Auður Guðjohnsen**



AUÐUR

# BULLSÖNGURINN

LAG OG TEXTI
**Auður Guðjohnsen**

**Fjörlega ♩ = 175**




*Með þessu lagi er gaman að búa til hreyfingar í samvinnu við börnin.*

# SAMVERA*



**Bossa nova ♩ = 100**

LAG OG TEXTI
**Auður Guðjohnsen**




AUÐUR

*AÐALRÖDD ER FEITLETRUÐ OG MÁ SYNGJA EINA OG SÉR.


E♭maj7 Gm7 Cm A♭maj7
Segj-um sög - ur, syngj-um lag. Eig-um sam-an þenn-an dag.
þér. Segj-um sög - ur, syngj-um lag. Eig-um sam-an þenn-an dag.
E♭maj7 Gm7 Cm A♭maj7 G7(♭9)
Ég vil bar-a eig - a stund með þér!
Ég vil bar-a eig - a stund með þér!
Cm7 Fm7 B♭7 E♭maj7 DØ G7(♭9)
All-a dag-a amstur og er - ill, tím-inn æð - ir á - fram.
Cm7 Fm7 G7(♭9) Cm Cm/G
Dag-a - tal - ið óð - ar fyll - ist og ég sakn-a þín!
Yfirrödd
A...
Cm7 Fm7 B♭7 E♭maj7 DØ G7(♭9)
All-ir er - u að flýt - a sér, horf-a bara' á skjá - inn.
Cm7 Fm7 G7(♭9) Cm7 Fm7 B♭7
það er margt sem ég vild-i segj - a en ég kemst ekki' að!


E♭maj7 Gm7 Cm7 A♭maj7
Eig-um sam-an kós - ý - stund. Ver-um sam- an, létt-um lund.
E♭maj7 Gm7 Cm A♭maj7
Ég vil bar-a eig - a stund með þér, eig - a stund með þér!
Ég vil bar-a eig– a stund með þér, eig - a stund með þér.
E♭maj7 Gm7 Cm7 A♭maj7
Segj-um sög-ur, syngj-um lag. Eig-um sam-an þenn-an dag.
syngj- um, syngj-um lag, þenn- an, þenn-an dag.
E♭maj7 Gm7 Cm A♭maj7
Ég vil bar-a eig - a stund með þér!
Ég vil bar-a eig - a stund með þér!
E♭maj7 Gm7 Cm A♭maj7 E♭maj7
rit.
Ég vil bar-a eig-a stund með þér, eig-a stund með þér!
rit.
Ég vil bar-a eig-a stund með þér, eig-a stund með þér!

AUÐUR

# ORRI ORMUR

**Hressilega**

LAG OG TEXTI
Auður Guðjohnsen






**Kveðju/útgöngulag**

- Börnin fara í langa röð og mynda orm fyrir aftan þann sem leiðir sönginn. Röðin fer af stað í hlykkjum og börnin dansa.
- Á „cha cha cha" kasta börnin báðum höndum 2x til vinstri og hægri til skiptis úr röðinni, öfugt við þann á undan þannig að „margarma ormur" myndast.
- Á „pomm" slá þau 1x á læri og „tra-la-la-la-la" klappa þau í takt við sönginn eða eftir smekk!

# DANS SAGNAMEISTARANS



LAG OG TEXTI
Auður Guðjohnsen

**Með eldmóði** ♩ = 85
Tillaga að undirleik: Trommusláttur og bassi/píanó




AUÐUR






Tillaga að undirleik ♩ = 85



# BAÐFERÐ



LAG OG TEXTI
**Auður Guðjohnsen**

**Samba ♩ = 88**




AUÐUR




AUÐUR



Tillaga að undirleik




*Með þessu lagi er gaman að búa til hreyfingar í samvinnu við börnin.*

# SNJÓR



LAG OG TEXTI
**Auður Guðjohnsen**

**Hressilega ♩ = 100**




AUÐUR

*Með þessu lagi er gaman að búa til hreyfingar í samvinnu við börnin.*

# KVEÐJUSTUND



LAG OG TEXTI
Auður Guðjohnsen

**Glaðlega ♩ = 110**



# SÖNGTEXTAR

AUÐUR



## Morgunblús

Góðan daginn. Góðan daginn.
Góðan daginn. Góðan daginn.
Við skulum eiga saman góðan dag
og vera hress og kát því það er okkar fag,
já, góðan daginn. Góðan daginn.
Góðan daginn. Góðan daginn.

## Vinur

Eitthvað er undarlegt, úr augum þínum horfið blik.
Vinur, er eitthvað að? Ekki gleyma' að ég er hér hjá þér.

Vont er að finna til, ég veit þér líður ekki vel.
Þó aðrir bregðist þér, alltaf skaltu eiga vin í mér.

Þegar móti blæs er best að bíða bara og sjá,
að það mun ávallt líða hjá.

Vont er að finna til, ég veit þér líður ekki vel.
Þó aðrir bregðist þér, alltaf skaltu eiga vin í mér.

Þegar móti blæs er best að bíða bara og sjá,
að það mun ávallt líða hjá.

Og er við göngum saman grýttan veg, þá lofa ég,
þú enn skalt eiga vin í mér.

## Komdu út að leika

Hæ, komdu' út að leika því að veðrið er gott!
Sólin svo skær, hátt á himni hlær,
Ljúfur er sumarblær.

> Krakkarnir bíða við húsvegginn,
> Komdu og vertu með.
> Allir hlaupa' um holt og hæðir,
> gaman saman!

Hæ, komdu' út að leika því að veðrið er gott!
Sólin svo skær, hátt á himni hlær,
Ljúfur er sumarblær.

> Fallin spýtan og feluleik,
> flugdreki' á fleygiferð!
> Allir hlaupa' um holt og hæðir,
> gaman saman!

Hæ, komdu' út að leika því að veðrið er gott!
Sólin svo skær, hátt á himni hlær,
Ljúfur er sumarblær.

Hæ, komdu' út að leika því að veðrið er gott!
Sólin svo skær, hátt á himni hlær,
Ljúfur er sumarblær.

## Til mömmu

Á fyrsta degi fangaði ég fíngert hjartað þitt,
og eignaðist í örmum þínum ást og lífið mitt.
Í einfaldleika æskunnar sælt er að búa.
Er allir virðast óvinir og enginn réttir hönd,
í styrk þú ávallt stendur upp og strengir sáttabönd.
Á kærleikann þú kenndir mér að trúa.

Leiddu mig á minni lífsins braut.
Lengi mun ég að því búa.
Í blíðu eða stríðu, sama hvað að höndum ber,
þá ég veit að þú munt ávallt að mér hlúa.

Það veganesti sem ég fékk í vöggugjöf frá þér,
Að vanda vel til orða minna, ætíð fylgir mér.
Og forðast það að svíkja og ljúga.
Er allir virðast óvinir og enginn réttir hönd
Í styrk þú ávallt stendur upp og strengir sáttabönd.
Á kærleikann þú kenndir mér að trúa.

Leiddu mig á minni lífsins braut,
Lengi mun ég að því búa.
Í blíðu eða stríðu, sama hvað að höndum ber,
þá ég veit að þú munt ávallt að mér hlúa.

Í blíðu eða stríðu ég veit…
já ég veit að þú munt ávallt að mér hlúa.

## Sokkablús

Ég vaknaði í morgun
við gargið í klukkunni.
Mig langaði' ekki' á fætur,
bara vera' undir sænginni.

Ég fór allt of seint að sofa
þótt ég væri búinn að lofa
að drífa mig háttinn í.

Það vantar samstæða sokka!
Ég tómu tjóni' er í!
Það vantar samstæða sokka!
Ég tómu tjóni' er í!
Í endalausu basli við að leita' í þessu drasli
og skil ekki neitt í því!

Tókst loks að finna leppa
sem líktust sokkum tveim.
Buxunum reyndi' að hneppa,
en þá var gat á þeim!

Ég fór allt of seint að sofa
þótt ég væri búinn að lofa
að drífa mig háttinn í.

Það vantar samstæða sokka!
Ég tómu tjóni' er í!
Það vantar samstæða sokka!
Ég tómu tjóni' er í!
Í endalausu basli við að leita' í þessu drasli
og skil ekki neitt í því!

AUÐUR

## Óður api

Vertu ekki í vondu skapi,
vandamálin eru til að blása á.
Æddu' ekki um eins og óður api,
andaðu með nefinu og slakaðu á!

Tylltu þér á tær, sláðu létt á lær
og apinn skellihlær, húhúhúhú
og tínir af sér flær.

Brosum framan í leiðindapúka,
brandarana segjum og brestum í söng.
Æddu' ekki um eins og óður api,
andaðu með nefinu og slakaðu á!

Tylltu þér á tær, sláðu létt á lær
og apinn skellihlær, húhúhúhú
og tínir af sér flær.

Já, tylltu þér á tær, sláðu létt á lær
og apinn skellihlær, húhúhúhú
og tínir af sér flær.

…. og borðar kóngulær.

## Tónlistin er þín

Hugurinn minn flýgur og ferðast út í geim.
Ef ég loka augunum finn ég annan heim!
Og fagrir tónar, rauðir og bláir, sindra um himininn.

Láttu ekki drunga og depurð á þig fá.
Leyfðu þér að dreyma og ævintýr að sjá,
því fagrir tónar, rauðir og bláir, eiga sitt tungumál.

Því tónlistin er þín og tónlistin er mín,
Við eigum hana saman öll.
Hún glæðir okkar mál og gleður hjarta' og sál.
Við eigum hana saman, því systkin erum við.

Stundum eru orðin svo undarlega tóm.
Þau lifna við og leika við ljúfan barnaróm
og fagrir tónar, rauðir og bláir, sindra um himinninn.

Því tónlistin er þín og tónlistin er mín,
Við eigum hana saman öll.
Hún glæðir okkar mál og gleður hjarta' og sál.
Við eigum hana saman, því systkin erum.

Já, tónlistin er þín og tónlistin er mín,
Við eigum hana saman öll.
Hún glæðir okkar mál og gleður hjarta' og sál.
Við eigum hana saman, því systkin erum við.

## Bullsöngurinn

Búmm tsjaka tsjaka tsjaka búmm tra la la la
Búmm tsjaka tsjaka tsjaka búmm tra la la la
Ring ting ra ta ta ta ta
Kakka lakka la gúkka lei
Ring ting ra ta ta ta ta
Kakka lúkka la lei

Sí sí sibbí só
Rikkí tikkí tikkí tikkí tó
Sí sí sibbí só
Rikki tí tikki tí tó

Búmm tsjaka tsjaka tsjaka búmm tra la la la
Búmm tsjaka tsjaka tsjaka búmm tra la la la
Ring ting ra ta ta ta ta
Kakka lakka la gúkka lei
Ring ting ra ta ta ta ta
Kakka lúkka la lei

## Samvera

Líttu til mín ef þú heyrir, ertu þarna inni?
Stundum er ég ekki viss og ég sakna þín.
Allir eru að flýta sér, horfa bara á skjáinn.
Það er margt sem ég vildi segja
en ég kemst ekki' að.

Eigum saman kósýstund.
Verum saman, léttum lund.
Ég vil bara eiga stund með þér.
Segjum sögur, syngjum lag,
eigum saman þennan dag.
Ég vil bara eiga stund með þér.

Alla daga amstur og erill, tíminn æðir áfram.
Dagatalið óðar fyllist og ég sakna þín
Allir eru að flýta sér, horfa bara á skjáinn.
Það er margt sem ég vildi segja
en ég kemst ekki' að.

Eigum saman kósýstund.
Verum saman, léttum lund.
Ég vil bara eiga stund með þér.
Segjum sögur, syngjum lag,
Eigum saman þennan dag.
Ég vil bara eiga stund með þér.

Ég vil bara eiga stund með þér,
eiga stund með þér!

AUÐUR

## Orri ormur

Ég er Orri ormur
og ég kann sko að dansa!
Ég dansa bara salsa með ofsalegum galsa!

Ég dansa búmm cha cha cha
búmm cha cha cha
búmm cha cha cha
búmm cha cha cha

Pomm tra la la la la
Pomm tra la la la la
Pomm tra la la la la la!

Ég dansa…

## Dans sagnameistarans

Syngdu mér söngva, lestu mér ljóð,
segðu mér sögur um þrífætta þjóð.
Þær þurfa alls ekki' að vera sannar.

Siglum langt út í seiðandi lönd
á sykruðum sjó inn að sælgætisströnd.
Það er enginn sem þetta bannar.

Hó hó hei hei hó
dúa dei og dilli dilli dó.
Stígðu með mér þennan dans
sagnameistarans!

Syngdu mér söngva, lestu mér ljóð,
segðu mér sögur um súkkulaðiflóð.
Þær þurfa alls ekki' að vera sannar!

Börnin sér leika langt fram á nótt.
Lömbin hafa vængi, já það er ekki ljótt.
Það er enginn sem þetta bannar.

Hó hó hei hei hó
dúa dei og dilli dilli dó.
Stígðu með mér þennan dans
sagnameistarans!

Við þeysumst um heiminn á talandi fák
og berjumst við fjórhöfða, hlæjandi snák,
skyldi hann heita Hrannar?

Hó hó hei hei hó
dúa dei og dilli dilli dó.
Stígðu með mér þennan dans sagnameistarans!

## Baðferð

Ég fer í bað, skrúbba skítugar tásur.
Í froðubað ég fer beint á bólakaf.
Og froðan verður alltaf meiri og meiri,
drullunni eyðir áður en ég veit af.

Mamma segir: Komdu hér, komdu nú í bað.
– Nei, ég er að leika mér, hef engan tíma í það.
– Ég skal finna eitthvert dót, setja bát á flot.
Reyndu nú að flýta þér, já komdu eins og skot!

Ég fer í bað, busla, skvetti og skvampa,
það er einmitt það skemmtilegasta við bað.
En þegar á að fara að taka úr tappann,
þá er ég bara alls ekki til í það!

Mamma segir: Komdu hér, komdu' að þurrka þér.
– Æ, leyfðu mér að leika mér þar til froðan fer.
– Heyrðu mig nú, líttu á litlar krumputær.
Þær eru að verða' að rúsínum,- segir mamma og hlær.
– Upp úr alveg eins og skot, eða ég borða þær!-

## Snjór

Snjór, snjór, snjór…

Líttu út um gluggann, loksins kominn snjór!
Birtir yfir skuggann, mig langar að búa til
stóran sterkan snjókarl og fagran snjóengil.
Komdu' að gera snjóhús, nú er nægur snjór.
Við þurfum stórar skóflur, ekkert slór!

Eftir langan daginn, þegar húmar að,
við drekkum ljúffengt kakó við heitan arineld..
með bleikar eplakinnar.

Líttu út um gluggann, loksins kominn snjór!
Birtir yfir skuggann, nú er gaman að vera til.
Þeysum út í daginn, á sleða niður gil.
Skíði eða skautar – gildir einu hér,
bara ef þú kemur út með mér!

Eftir langan daginn, þegar húmar að,
við drekkum ljúffengt kakó við heitan arineld..
með bleikar eplakinnar.

Snjór, snjór, snjór, snjór, snjór!
Ég vil bara meiri snjó!
Snjór, snjór, snjór, snjór, snjór!
Ég vil bara meiri snjó!

Snjór, snjór, snjór…

## Kveðjustund

Takk fyrir daginn,
við kveðjum létt í lund.
Þökkum fyrir þessa stund.
Við áttum hana saman,
nú hverfum við á braut.
Takk fyrir þennan vinafund!

AUÐUR

## BOÐSKAPUR SÖNGLAGANNA

Fyrstu barnalögin mín urðu til haustið 2017 sem hluti af M.Ed.Art. lokaverkefni mínu við Listkennsludeild Listaháskóla Íslands. Fljótlega urðu sönglögin fleiri og þá kom upp hugmynd um að gefa þau út í söngbók. Megináhersla verkefnisins við LHÍ er söngur barna og þáttur hans í samfélagi þeirra, hvort sem er innan eða utan skólakerfisins. Nauðsynlegt er að standa vörð um söng barna og því mikilvægt að foreldrar, kennarar, skólastjórnendur, menntastofnanir og aðrir sem bera ábyrgð á uppeldi og menntun barna, haldi merkjum söngsins vel á lofti og hvetji tónskáld enn frekar til þess að semja sönglög fyrir börn. Það er mér mikilvægt að sönglögin mín séu börnum aðgengileg og auðskiljanleg og vona ég að þau veki vellíðan, útrás og gleði meðal barnanna sem syngja þau. Einnig er nauðsynlegt að tónlistarkennarar geti tileinkað sér þau auðveldlega. Ég hef nýtt lögin töluvert í tónlistarkennslu barna, hvort sem er í grunnskólum, tónlistarskólum eða kirkjum. Sönglögin eru hugsuð fyrir börn á aldrinum 6–10 ára þótt vissulega henti sum þeirra enn yngri eða eldri börnum. Öll má syngja einradda þó sum skarti einni eða fleiri röddum til viðbótar. Sönglögin má finna á heimasíðunni **www.tonafondur.com**

## UM HÖFUNDINN



Auður er söngkona, söngkennari, tónskáld og barnakórstjóri. Hún stundaði söngnám í Söngskólanum í Reykjavík og Royal Conservatoire of Scotland. Auður lauk söngkennaraprófi (Licentiate of the Royal Schools of Music) frá Söngskólanum árið 2005 og meistaranámi M.Ed.Art í listkennslu frá Listaháskóla Íslands haustið 2017. Hún hefur starfað við söng, tónsmíðar og tónlistarkennslu á Íslandi um árabil. Auk barnalaganna hefur hún samið og útsett töluvert fyrir blandaða kóra.

Tónlistarmennirnir, Gunnar Gunnarsson og Aðalheiður Þorsteinsdóttir fá innilegar þakkir fyrir prófarkalestur. Kristín Valsdóttir leiðbeinandi við LHÍ og Ásbjörg Jónsdóttir tónskáld og barnakórstjóri fá sérstakar þakkir fyrir frábært samstarf og Bergdís Sigurðardóttir fyrir hönnun útlits.



AUÐUR

Þessi bók hefur að geyma fjórtán sönglög fyrir börn. Lögin eru fjölbreytt og samin fyrir börn á aldrinum 6–10 ára, þótt sum henti jafnvel enn yngri eða eldri börnum. Inntak þeirra tengist lífi og samfélagi barna nútímans og geta nýst kennurum, kórstjórum og öllum þeim sem vinna með börnum hvort sem er innan eða utan skóla. Sönglögin eru hljómsett og gefa nokkur þeirra kost á tveggja og þriggja radda söng. Bókinni fylgir einnig aðgangur að heimasíðu höfundar þar sem finna má upptökur og myndbönd af flutningi þeirra og hreyfingum við þau þar sem við á.

**Styrkt af Nótnasjóði Stefs og Tónskáldasjóði RÚV og Stefs.**

ISMN 979-0-805100-25-8

9 790805 100258